


SapaFront

ELDVARNARHURÐIR

A30 OG F30



Hurðir og skilrímsveggir geta verið allt að 3,0 m á hæð og 10,0 m á lengd í eldvarnarflokki F30.

Hurðir geta ýmist verið einfaldar eða tvöfaldar með eldþolnu gleri eða eldþolnum plötum.

Þá er hægt að fá sérstakan útbúnað lamamegin á hurðir, sem tryggir að börn geta ekki klemmst þar á milli.

Á hurðirnar er hægt að setja sjálfvirkan lokunar- og opunarbúnað, sem tengja má eldvarnarkerfi.

Tæknideild okkar veitir allar nánari upplýsingar.

Gluggasmiðjan

GISSUR SÍMONARSON SÍÐUMÚLA 20 REYKJAVÍK SÍMI 38220

„Ekki hægt að komast lengra í stöðunni“

— segir Bjarni Jakobsson formaður Iðju um kjarasamningana

„ÉG TEL mest um vert að með þessum samningum er komið í veg fyrir það kaupmáttarhrap, sem fyrirsjáanlegt var. Því tel ég gott að þessir samningar skuli hafa náðst, þó þeir séu til skamms tíma,“ sagði Bjarni Jakobsson formaður Iðju, félags verksmiðju-fólks, er hann var inntur álitis á nýgerðum kjarasamningum.

„Ég hefði auðvitað fremur kosið samning til lengri tíma og jafnframt að meiri úrbætur

hefðu verið gerðar í sérmálum verksmiðju-fólks, en sérmál félaga hafa ekki fengist rædd að undanfögnu. Staðan var hinsvegar sú núna, að ég tel að ekki hafi verið lengra komist. Við munum leggja áherslu á þessi mál á næstunni og setja fram sérkröfur okkar í viðræðum þeim sem verða um áramótin. Þá verður væntanlega samið til lengri tíma,“ sagði Bjarni Jakobsson formaður Iðju að lokum.

Rangæinga-kynningunni lýkur í kvöld

Rangæingakynningunni á Kjarvalsstöðum lýkur í kvöld, en þar sýna öll iðnfyrirtæki í sýslunni, 20 talsins, fjölbreytta framleiðslu. Fjöldmenn gesta var við opnun sýningarinnar síðastliðinn föstudag, en Rangæingakynningin hófst með því, að Ólafur Ólafsson, kaupfélagsstjóri á Hvolsvelli, bauð gesti velkomna.

Þá flutti Þorsteinn Pálsson, 1. þingmaður Sunnlendinga, ræðu og opnaði sýninguna. Pálmi Eyjólfsson sýslufulltrúi flutti ávarp. Við opnunina lék ung

stúlka, Hjálmarfríður Þóll Friðriksdóttir, á básunu við undirleik föður síns, Friðriks Guðna Þórleifssonar. Barnakór Tónlistarskóla Rangæinga söng undir stjórn Sigríðar Sigurðardóttur og einnig lék á harmoniku Valdimar Auðunsson, Grenstanga. Rangárvallahreppur og Kólhreppur buðu gestum upp á veitingar við opnunina en á Rangæingakynningunni er sýningargestum boðið að smakka á ýmiskonar framleiðslu fyrirtækja.

Í BÁTINN - BÚSTAÐINN OG GARÐINN

HAND- OG RAFMAGNSVERKFERI Í ÚRVALI

Allt til sjóstanga- og handfæra-veiða

Sjálflysandi pilkar



SILUNGANET, ÖNGLAR, LÍNUR, SIGURNAGLAR, SÖKKUR. SJÓVEIDISTENGUR, HANDFÆRAVINDUR MED STÖNG. FÆREYSKAR HANDFÆRAVINDUR.

Allur öryggis- og skoðunararbúnaður í bátinn og skútuna.

Dælur — drekar björgunarvesti — siglingaljós virar — keðjur — kaðlar

Vatna- og innfjarðarbátar 9—14 fet.



Hlíðarfatnaður
Regnfatnaður
Norsku ullarnærfötin
Samfestingar
Peysur — skyrtur
Buxur
Gúmmistígúvél há og lág
Skófatnaður
Vinnu- og garðhanskar
Sokkar



Fúavarnarefni — Málning
— Lökk — Hreinlætisvörur
— Kústar — Burstar.
Vatns- og oliudælur.
Minka- rottu- og músagildirur
Gaslúktir — vasaljós — rafhlöður — hreinsuð steinolia
Oliufnar — Arinsett — Úti-grill og kol



SLÖKKVITÆKI OG REYKSKYNNJARAR. VATNSBRÚSAR OG FÖTUR.

Garðyrkjuverkferi

Hjólborur — Slöngur og klemmur. Tengi og úðarar. Rafmagns-, bensín- og handsláttuvélar. Orf og ljáir.



Fánar — Vimplar
Flaggstangarhúnar
Hitamælur — Klukkur
Loftvogir — Sjónaukar
Oliulampar og lúktir

Ellingsen hf

Ánanaustum, Grandagarði. Sími 28855.